

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt eða forleigurétt Reyðarfjarðarhrepps á lóð í Reyðarfjarðarhreppi.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Reyðarfjarðarhreppur áskilur sér forkaups- og/eða forleigurétt á lóð eins og hér greinir: Lóðin afmarkast af aðalbraut að norðan, landi ríkisins að vestan, leigulóð Bergs Lárussonar að austan og sjó að sunnan. Lóð þessi er eign eigenda Bakkagerðislands í Reyðarfirði.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá og með dagsetningardegi hennar og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

R E G L U G E R Ð

um breyting á reglugerð nr. 160 frá 21. ágúst 1959, um barnavernd í Siglufirði.

1. gr.

Í stað orðanna „12—14“ í 2. mgr. 1. gr. komi: „innan 14 ára“.

2. gr.

2. gr. hljóði svo:

Bannað er að afhenda börnum og unglungum innan 14 ára aldurs tóbak, nema fyrir liggja beiðni frá foreldrum eða öðrum vandamönnum.

3. gr.

1. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Börnum og unglungum innan 16 ára er óheimill aðgangur að knattborðsstofum og öldrykkjustofum. Innan sömu aldursmarka er unglungum óheimill aðgangur að og þátttaka í töluspjaldahappdrætti („bingó“), nema í fylgd með foreldrum. Eftir kl. 20 er þeim þó óheimill aðgangur með öllu að þess háttar skemmtunum. Innan sömu aldursmarka er unglungum (innan 16 ára) á tímabilinu 1. september til 1. maí óheimill aðgangur að almennum veitingahúsum, kaffihúsum, ís- og sælgætissölum, kvöldsölum („sjoppum“) og öðrum þess háttar stöðum, hverju nafni sem nefnast, eftir kl. 20. Sé dansað á viðkomandi stað, er þeim óheimill aðgangur á hvaða árstíma sem er og hvaða tíma dags sem er. Unglungrum innan 14 ára er óheimill aðgangur að öllum framangreindum stöðum eftir kl. 20, óháð árstíma.